

Sælir félagar Hér fyrir neðan eru tvö bréf sem send voru til Umhverfisstofnunnar í framhaldi af ábendingum þeirra vegna aksturs um og við Setrið.

Bréfið frá stjórn F4x4 til UST

Sæll Hjalti

Eftirfarandi bréf barst mér og fleirum föstudaginn 29. janúar síðastliðinn (sjá hér að neðan).

Mér leikur forvitni á að vita hvers vegna þetta bréf er sent, mér vitanlega hefur Ferðaklúbburinn 4x4 ekki staðið að skemmdum eða vanvirðingu á svæðinu og er mér alveg óskiljanlegt hvernig starfsmenn stofnunarinnar koma fram í þessu máli. Ég var alveg kjaft stopp þegar mér barst bréfið og varð að lesa það yfir mörgum sinnum án þess að skilja innihald bréfsins.

Í síðasta samtali okkar þá ítrekaði ég samstarfsvilja klúbbsins varðandi stækkun friðlandsins og óskaði meðal annars eftir því að klúbburinn fengi meiri vitneskju um málið og einnig að fá fulltrúa frá klúbbum í nefnd um stækkun friðlandsins. Það hefur verið stefna klúbbsins að vinna með UST á jákvæðum nótum, þessi póstur sem ég veit ekki af hverju var sendur er vonandi ekki það sem koma skal.

Þú verður að afsaka hve harðorður ég er í þessu bréfi en vegna stöðu minnar sem formaður Ferðaklúbbsins 4x4 verð ég að fá skýringar á þessu bréfi og óska ég eftir svarinu skriflega.

Kveðja

Sveinbjörn Halldórsson

formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Bréf frá Diddu í Umhverfis og Ferðafrelsisnefnd, sem einnig situr f.h. Klúbbsins í Samstarfshópi um fræðslu gegn utanvegaakstri hjá Umhverfisstofnun

Reykjavík 01.02.2010

Góðan daginn

Mér barst póstur frá Umhverfisstofnun föstudaginn 29. Janúar 2010. Forsaga mín er sú að ég hóf að starfa fyrir Ferðaklúbbinn 4x4 síðastliðið vor, nánar tiltekið í Umhverfisnefnd klúbbsins – en ég hef verið viðloðandi ferðalög frá unga aldri. Síðastliðið haust gekk ég til liðs við Samstarfshóp um fræðslu gegn utanvegaakstri hjá Umhverfisstofnun, þar sit ég sem fulltrúi F4x4.

Ég reikna með að vegna aðkomu minnar að samstarfinu hafi mér borist fyrrnefndur póstur. Ég er með nokkrar spurningar í framhaldinu.

1. Hverjar eru helstu forsendur fyrir útsendingu póstsins
2. Hvaða ástæður eru helstar fyrir því að Umhverfisstofnun telur að Ferðaklúbbur 4x4 geti ekki skipulagt ferð inn í Setur án þess að til þurfi áminningu frá stofnuninni um akstur á svæðinu
3. Telur Umhverfisstofnun að ferðum skipulögðum af Ferðaklúbbum 4x4 sé almennt ábótavant og hvaða rök liggja þar að baki.
4. Er það yfirlýst stefna Umhverfisstofnunar að fylgjast með ferðum fólks um Ísland, eða er spjótunum aðallega beint að ferðum Ferðaklúbbs 4x4
5. Á annar almenningur, einnig von á sambærilegum póstum frá Umhverfisstofnun ef fréttist um ferðalög þeirra í nágrenni Kerlingafjalla?
6. Hefur starfsfólk Umhverfisstofnunar virkilega ekkert mikilvægara að sýsla en að senda hálfgerð hótunarbréf á félagi í félagsskap sem hefur unnið markvist að því að fræða félagsmenn sína um ábyrga ferðamennsku í yfir 25 ár?
7. Hvernig sér Umhverfisstofnun fyrir sér áframhaldandi samstarf við Ferðaklúbb 4x4 eftir það trúnaðarbrot sem orðið er?
8. Væri ekki ráð að nýta skattþeningana í eitthvað vitrænna en að vera í lögguleik?

Það er mín ósk að starfsfólk Umhverfisstofnunar kynni sér betur þau málefni sem það er að skipta sér af þannig að aðkoma þess valdi ekki ómældu tjóni á uppbyggingu og samstarfi. Bendi á bókina „1984“ skyldulesningu í opinberum stofnunum .

Með kveðju

Sæbjörg Richardsdóttir

Meðfylgjandi er afrit að umræddum tölvupósti